

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 31. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í San Francisco 1948.

I. Inngangur.

31. þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var haldið í San Francisco í Kaliforníu í boði Bandaríkjastjórnar dagana 17. júní til 10. júlí 1948.

Þingsókn var að þessu sinni mun lakari en verið hafði á næsta þingi á undan og munu gjaldeyriserfiðleikar ýmissa þjóða hafa átt sök á því, að þær sendu ekki eins fjölmennar sendinefndir og venja þeirra er.

Alls sátu þingið 443 fulltrúar og ráðunautar. Meðal þeirra voru margir ráðherrar, þ. á m. félagsmálaráðherrar Austurríkis og Tékkóslóvakíu og George Isaacs verkamálaráðherra Bretlands. Einnig voru fulltrúar frá Sameinuðu þjóðunum og ýmsum öðrum alþjóðastofnunum, sem eru í sambandi við þær.

Frá því er síðasta þing hafði verið haldið í Genf 1947 höfðu 5 ríki bætt í hóp aðildarríkjanna, þ. e. El Salvador, Philipseyjar, Burma, Pakistan og Sýrland. Áttu þau öll fulltrúa á þinginu. Þingið samþykkti upptökubeiðni Ceylon og eru aðildarríki stofnunarinnar þar með orðin 60 að tölu.

Vegna mikils kostnaðar við að senda fulla tölu fulltrúa á þingið í San Francisco, svo og gjaldeyrisörðugleika, varð það að ráði, að einungis einn fulltrúi mætti þar að þessu sinni. Var Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins tilnefndur og honum til aðstoðar Jón S. Ólafsson fulltrúi í sama ráðuneyti, en hann dvaldi þá vestan hafs á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Síðar á þinginu voru Jóni S. Ólafssyni veitt réttindi sem fullgildum ríkisstjórnarfulltrúa.

Dagskrá þingsins var svo hljóðandi:

1. Skýrsla forstjórans.
2. Fjárhagsmál.
3. Skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmdir á samþykktum.
4. Skipulag vinnumiðlunar (síðari umræða) og endurskoðun samþykktar nr. 34 frá 1933, um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka gjald fyrir störf sín.
5. Leiðbeiningar um stöðuval.
6. Vinnulaun:
 - a. Skýrsla um launamál almennt (undirbúningsumræður).
 - b. Ákvæði um sanngjörn laun í samningum hins opinbera (fyrri umræða).
 - c. Vernd vinnulauna (fyrri umræða).
7. Félagafrelsi og verndun þess (ein umræða)
8. Framkvæmd grundvallarreglna félagafrelsis o. fl. (fyrri umræða).
9. Breytingar á samþykktum um næturvinnu kvenna.
10. Breytingar á samþykktum um næturvinnu unglinga í iðnaði.
11. Breytingar þær á fylgiskjali samþykktarinnar frá 1947, um að beita lágmarksákvæðum um vinnuskilyrði í ósjálfstæðum löndum, er leiða af breytingum á samþykktum þeim, sem gelið er í 9. og 10. dagskrárlið.
12. Forréttindi og undanþágur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.
Hér á eftir verður gerð grein fyrir afgreiðslu hinna ýmsu dagskrármála hvers fyrir sig.

II. Þingsetning og forsetakosningar.

Setning þingsins fór fram í óperuhöll San Franciscoborgar, en þar hafði stofnþing Sameinuðu þjóðanna verið haldið á sínum tíma. Aðrir fundir þingsins voru haldnir í verzlunarskóla borgarinnar.

Forseti stjórnarinnar, Louis Alvarado frá Perú, mælti fyrst nokkur orð og gaf síðan David A. Morse, þáverandi verkamálaráðherra og fulltrúa Bandaríkjastjórnar, orðið.

David Morse lét í ljós mikla ánægju yfir því, að þetta þing skyldi haldið í San Francisco, og gat þess í því sambandi, að þetta þing væri 5. þing stofnunarinnar, sem haldið væri í Bandaríkjunum, en meðal þeirra var fyrsta þing stofnunarinnar, sem haldið var í Washington árið 1919. Fullvissaði hann þingheim um trú sína og stjórnar sinnar á mikilvægi Alþjóðavinnuáráðastofnunarinnar. Vitnaði hann í því sambandi til þessara orða Trumans forseta: „Þessi stofnun getur lagt og leggur meira af mörkum til heimsfriðarins en svo að segja nokkur önnur stofnun sinnar tegundar.“ Þá flutti hann sérstaka kveðju frá Marshall utanríkisráðherra og að síðustu las hann ávarp til þingsins frá Truman forseta. Í ávarpi þessu harmaði forsetinn að geta ekki verið viðstaddur setningu þingsins. Sendi hann því árnaðaróskir og fór miklum viðurkenningarorðum um Alþjóðavinnuáráðastofnunina og störf hennar.

Borgarstjórinn í San Francisco bauð þingheyjendur velkomna og lét í ljós ánægju yfir því, að þingið skyldi koma saman á þessum stað. Óskaði hann þingheimi ánægjulegrar dvalar og árangursríks starfs.

Þessu næst flutti stjórnarforsetinn setningarræðu sína og mælti hann á spánska tungu, en það er í fyrsta sinn í sögu stofnunarinnar að þingsetningarræða hefur verið flutt á því máli.

Hóf forsetinn ræðu sína með þökkum til Bandaríkjastjórnar, stjórnar Kaliforníuríkis og borgarstjórnar San Francisco fyrir þá aðstoð, sem þessir aðilar hefðu veitt stofnuninni með boði sínu til að halda þingið á þessum stað, og margháttða fyrirgreiðslu í því sambandi.

Síðan rakti forsetinn hið helzta, sem gerzt hafði frá því er síðasta þing var haldið í Genf 1947 og skal það rakið hér að nokkru.

Stjórnarskrárbreytingar þær, sem gerðar voru á þinginu í Montreal 1946 gengu í gildi 20. apríl 1948. Þessar breytingar munu hafa viðtæk áhrif til eflingar Alþjóðavinnuáráðastofnunarinnar, en þær leggja meiri skyldur á aðildarríkin en áður var.

Á stjórnarfundum, er haldinn var dagana fyrir þingsetningu, var David A. Morse kjörinn til að taka við embætti aðalforstjóra Alþjóðavinnuáráðastofnunar þegar Edward Phelan léti af því starfi á komandi hausti fyrir aldurs sakir.

Edward Phelan var einn þeirra, sem unnu að myndun Alþjóðavinnuáráðastofnunarinnar og hefur helgað henni alla krafta sína allt frá byrjun og á hún vöxt sinn og viðgang að mjög miklu leyti honum að þakka. Óhætt er að segja það, að hefði Alþjóðavinnuáráðastofnunin ekki notið hinna miklu hæfileika hans á erfiðleikafimum síðustu heimsstyrjaldar, hefði hún að öllum líkindum hlotið sömu örlög og aðrar deildir þjóðabandalagsins, þ. e. a. s. liðið undir lok.

David Morse, sem nú tekur við af hr. Phelan, hefur verið vara-verkamálaráðherra Bandaríkjanna og hefur getið sér góðan orstír fyrir stjórn sína á því ráðuneyti. Hann hefur og tekið mikinn þátt í störfum vinnuáráðingsins undanfarin ár. Þótti mönnum mjög vel hafa tekizt til um val forstjóra, þar sem hr. Morse þótti líklegur til að halda vel uppi merki fyrirrennara sinna.

Forsetinn lagði áherslu á þýðingu þess að stjórnin hefði nú ákveðið að stofna nefnd, er fjalli um mál sem upp koma í sambandi við samvinnu Alþjóðavinnuáráðastofnunarinnar við Samcinuðu þjóðirnar og önnur alþjóðleg samtök. Þá skýrði hann frá störfum skrifstofunnar og hinna einstöku nefnda stofnunarinnar.

Að lokinni setningarræðu stjórnarforsetans hófst kosning þingforseta. Fyrir valinu varð Justin Godart fyrrverandi ráðherra, stjórnarfulltrúi frá Frakklandi, og var hann kjörinn einróma.

Hver flokkur kaus síðan að vanda varaforseta úr sínum hóp. Þessir hlutu kosningu: Sumer frá Tyrklandi fyrir stjórnarfulltrúana, H. C. Ørsted frá Danmörku fyrir vinnuveitendur og Bengough frá Kanada fyrir verkamenn.

III. Nefndakosningar.

Samkvæmt þingsköpum var fyrst kosin dagskrárnefnd (Selection Committee). Hana skipuðu 32 fulltrúar, 16 stjórnarfulltrúar og 8 frá hvorum, vinnuveitendum og verkamönnum.

Samkvæmt tillögum dagskrárnefndar var kosið í eftirtaldar nefndir, er fjalla skyldu um einstök þingmál:

1. Nefnd til að fjalla um skipulag vinnumiðlunar og leiðbeiningar um stöðuval (4. og 5. dagskrármál), skipuð 60 fulltrúum.
2. Vinnulaunanefnd (6. dagskrármál), skipuð 70 fulltrúum.
3. Nefnd til að fjalla um félagafrelsi og samband vinnuveitenda og verkamanna (7. og 8. dagskrármál), skipuð 80 fulltrúum.
4. Nefnd til að fjalla um breytingar á samþykktunum um næturvinnu kvenna (9. dagskrármál), skipuð 32 fulltrúum.
5. Nefnd til að fjalla um breytingar á samþykktinni um næturvinnu unglinga (10. dagskrármál), skipuð 32 fulltrúum.
6. Nefnd til að rannsaka framkvæmdir á samþykktum (3. dagskrármál), skipuð 28 fulltrúum.

Auk þessa voru eftirtaldar nefndir skipaðar í samræmi við ákvæði þingskapa:

7. Kjörbréfanefnd, skipuð þrem fulltrúum, sínum frá hverjum flokki.
8. Þingskapanefnd, skipuð 16 fulltrúum, 8 stjórnarfulltrúum og 4 frá hvorum hinna flokkanna.
9. Ályktanefnd, skipuð 24 fulltrúum, þar af 12 stjórnarfulltrúum og 6 frá hvorum hinna flokkanna.
10. Fjármálanefnd, skipuð einum fulltrúa hvernar þeirrar ríkisstjórnar, sem fulltrúa átti á þinginu.

Jónas Guðmundsson átti sæti í fjármálanefndinni og nefndinni, sem fjallaði um félagafrelsi. Var Jón S. Ólafsson varamaður hans í þeim báðum. Auk þessa sóttu íslensku fulltrúarnir fundi í öðrum nefndum eftir föngum.

IV. Rannsókn kjörbréfa.

Að þessu sinni fékk kjörbréfanefndin til meðferðar mótmæli gegn tilnefningu verkamannafulltrúanna frá Argentínu, Frakklandi, Grikklandi, Indlandi, Kúba, Mexíco, Perú og Uruguay. Nefndin, sem var undir forsæti Paul Berg, samþykkti einróma að leggja til við þingið að það meinaði engum þessara fulltrúa þingsetu, þar sem hún taldi mótmælin ekki á nægilegum rökum reist.

Af þeim mótmælum, sem bárust, vöktu mótmælin gegn þingsetu franska verkamannafulltrúans, Leon Jouheaux, mesta athygli og umræður. Leon Jouheaux hefur fjölda ára verið fulltrúi franskra verkamanna á þingum Alþjóðavinnuárástofnunarinnar og var í stjórn hennar undanfarið kjörtímabil.

Verkalýðssamtökin í Frakklandi eru klofin í tvö sambönd og tókst stjórninni ekki að fá þau til að sameinast um tilnefningu fulltrúa. Tilnefndi hún þá Jouheaux í samráði við annað sambandið, en hitt, sem er fjölmennara, taldi að stjórninni hefði borið að hafa samráð við sig um fulltrúavalið og kærði því til þingsins. Mótmæli gegn þingsetu þessa fulltrúa komu og frá verkamannafulltrúum Tékkóslóvakíu, Ítalíu og Póllands og voru þau byggð á sams konar rökum. Eins og að framan getur var kjörbréfanefndin sammála um að hafna réttmæti þessara mótmæla og var það álit nefndarinnar samþykkt á þingfundum.

V. Einstök þingmál.

1. Skýrsla forstjórans.

Eins og á undanförunum árum varð skýrsla forstjórans tilefni til mikilla umræðna, sem 88 fulltrúar frá 42 þjóðum tóku þátt í. Meðal þeirra voru 7 ráðherrar.

Umræður þessar beinast jafnan að ástandinu í efnahags- og félagsmálum almennt. Gerð er grein fyrir framförum í einstökum löndum, sagður kostur og löstur á skýrslu forstjórans og um það rætt, sem miður eða betur hefur farið í starfsemi stofnunarinnar á undanförunu starfsári.

Umræðurnar um efnahagsmálefnið snerust einkum um Marshalláætlunina. Meiri hluti ræðumanna lét í ljós miklar vonir um árangurinn af þessari samvinnu um endureisn Evrópu. Hjá öðrum kvað þó við nokkuð annan lón. Fulltrúar Austur-Evrópuríkjanna litu á þessa áætlun með andúð og í sumum tilfellum með fullum fjandskap. Einn þeirra lét orð falla á þann veg, að áætlunin byggðist á endurreisn þungaiðnaðar Þýskalands, og væri því þegar af þeirri ástæðu ótak fyrir þau ríki, sem óttuðust endurlífgun iðnaðarmáttar Þýskalands. Ræðumenn frá löndum utan Evrópu voru yfirleitt fylgjandi Marshalláætluninni, en töldu þó að slíkar tilraunir til að efla að nýju velmegun þjóða, ætti að gera á alþjóðlegum grundvelli. Einkum voru það fulltrúar Asíuþjóðanna, sem töldu að sams konar áætlun og þessa bæri að gera varðandi Asíu. Svipuð sjónarmið komu fram hjá fulltrúum Suður-Ameríku. Þá töldu ræðumenn Austur-Evrópuríkjanna skýrslu forstjórans sýna áhugaleysi fyrir hinum stórkostlegu breytingum, er þar hefðu orðið á sviðum efnahags- og félagsmála.

Að því er snertir beina starfsemi stofnunarinnar kom fram mikil ánægja með starfsemi hennar í Asíu í sambandi við sérþing þau, sem þar hefðu verið haldin með góðum árangri.

Gagnrýni kom fram á því, hversu seint gengi með fullgildingar á samþykktum fyrri þinga. Einn ræðumanna vildi kenna því um, að ástandið í fjár- og félagsmálum hefði versnað vegna stríðsins, svo og að menn bæru í brjósti ótta um hvað framtíðin bæri í skauti sínu, enda væri það ekki óeðlilegt. Annar kvað ráða mega bót á þessu með því að láta samþykktirnar ekki taka svo mjög til smáatriða, þannig að hvert ríki gæti hagað þeim að vild.

Fundið var að því, að skýrslan gæfi ekki nægar upplýsingar um framfarir í félagsmálum á ári því, er hún tekur til. Einkum var óskað nánari upplýsinga um almannatryggingar (social security).

Stjórnarskrármál voru yfirleitt ekki rædd á þessu þingi og mun það einkum hafa verið vegna hinna nýafstöðnu stjórnarskrárbreytinga. Þó kom fram að nýju krafan um að veita verkamönnum atkvæðamagn til jafns við samanlagt atkvæðamagn hinna flokkanna tveggja, stjórnarfulltrúa og vinnuveitenda.

Undir lok umræðnanna lýsti einn ræðumanna óánægju sinni yfir því hversu þær hefðu snert mörg mál. Lagði hann til, að framvegis skyldi sá háttur á hafður, að umræðunum skyldi skipt í tvennt. Annar hlutinn skyldi helgaður einhverju ákveðnu umfangsmiklu máli, sem tiltekið væri af stjórninni, en hinn hlutinn sé helgaður hinum mestu alþjóðlegu vandamálum hvers tíma.

Næstum því allir ræðumenn létu í ljós söknuð sinn yfir því að Edward Phelan léti nú af störfum og létu í ljós mikla aðdáun á hinum ómetanlegu störfum hans í þágu stofnunarinnar. Jafnframt lýstu menn ánægju sinni yfir kosningu David A. Morse og töldu framtíð stofnunarinnar vel borgið undir stjórn hans.

Forstjórinn hóf ræðu sína með því að geta þess að húizt hefði verið við því, að mörgum ríkisstjórnnum mundi reynast erfitt að senda fulltrúa til San Francisco, en það, hversu margir fulltrúar sátu þingið þrátt fyrir alla erfiðleika væri glöggt merki um lífsþrótt stofnunarinnar.

Um þá tillögu, að takmarka bæri umræðurnar við eitt ákveðið efni, sagði forstjórinn að það væri þegar gert að nokkru leyti með því að taka mál á dagskrá til undirbúningsumræðna. Hins vegar væri þingið alþjóðlegur vettvangur, þar sem aðilar

gætu rætt hvert það mál, sem þeir teldu athyglisvert, en vitanlega væru þessi mál margvísleg.

Forstjórinn kvað ósamlyndi það og sundurþykkju, er nú ríkti í heiminum, gera alþjóðlegt samstarf nauðsynlegt öllum og stefnumál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um bætt vinnuskilyrði og bættu lífsafkomu væri á engan hátt háð stefnumiðum stjórnmálum, efnahagsmálum né sérstökum hugsjónakerfum. Þess vegna sagði hann, er návist fulltrúa Austur-Ísvörpuríkjanna fagnað jafnvel af þeim, sem mest eru mótfallnir sumum skoðunum þeirra, sem öðrum. Grundvöllurinn að félagsmálalöggjöf Austur-Ísvörpuríkjanna var lagður á árunum milli heimsstyrjaldanna og er runninn af rótum starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Sérfræðingar frá stofnuninni hefðu og heimsótt þessi lönd til þess að veita þeim tæknilega aðstoð.

Forstjórinn sagði, að Alþjóðavinnumálastofnunin mundi verða öllum til aðstoðar, en tæki ekki við fyrirskipunum frá neinum. Hversu mjög sem ríkisstjórnir væru skiptar í skoðunum á þeim málum, sem Alþjóðavinnumálastofnuninni koma ekki við, hefði slíkt ekki áhrif á stefnu hennar.

Nokkurs misskilnings kvað hann enn þá gæta varðandi afstöðu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til Alþjóðasambands verkamanna (W.F.T.U.). Alþjóðavinnumálastofnunin væri ekki stóttasamband og því síður keppinautur neins slíks sambands. Stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar veitti verkamönnum rétt, sem þeir hefðu ekki í neinni annarri fjölþjóðlegri stofnun. Hann kvað leið hafa verið fundna til náinnar samvinnu milli þessara samtaka til þess að komið yrði hjá árekstrum eða tvíverkaði í störfum þeirra, sem annars kynni að koma fyrir.

Að lokum vék forstjórinn að eftirmanni sínum, David A. Morse, sem hann taldi gæddan þeim kjarki, hæfileikum og persónuleika, er gerði honum fært að inna hlutverk sitt af hendi á þann veg, að leiða mundi Alþjóðavinnumálastofnunina fram til aukinna sigursælla framfara. Hann bar og fram þakkir sínar til forseta stjórnarinnar, þingforseta og starfslíðs Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, svo og núverandi og fyrirverandi stjórnarmeðlima fyrir ánægjulegt samstarf.

Alþjóðavinnumálastofnunin kvað forstjórinn stefna og vinna að helztu markmiðum og óskum mannkynsins, þ. e. frelsi og félagslegu réttlæti og meðan þessi markmið væru í heiðri höfð mundi hún lifa. Þetta væri orsök þess að hún lifði stríðið af, jókst og blómgaðist og þess vegna gæti hann kvatt hana með óskertri trú á framtíð hennar.

2. Fjárhagsmál.

Fyrir fjármálanefndina var lögð fjárhagsáætlun fyrir árið 1949 og nam hún tæpum 5.2 milljónum dollara. Forstjórinn gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og gat þess m. a. að fjárhagsáætlun sú, sem hann lagði upphaflega fyrir stjórnina hefði verið nokkru hærri. Hann kvaðst hafa búizt við nokkurri lækkun og hún sýndi hversu nákvæmri athugun áætlunin hefur sætt hjá stjórninni. Það væru tvö sjónarmið, sagði forstjórinn, sem athuga og samræma þyrfti. Annars vegar þarfir stofnunarinnar fyrir fjármagn til starfa þeirra, sem þing og stjórn leggur henni á herðar og hins vegar gjaldgefa aðildarríkjanna í þessu augnamiði.

Að loknum umræðum í nefndinni var fjárhagsáætlunin samþykkt þar óbreytt og síðan var hún að ráði nefndarinnar samþykkt á þingfundum.

Eins og að framan getur eiga einungis fulltrúar ríkisstjórna sæti í fjármálanefnd og hefur það þótt rétt og eðlilegt, þar sem það eru ríkisstjórnirnar sem verða að sjá um greiðslur á tillögum til stofnunarinnar.

Að þessu sinni kom fram tillaga þess efnis að stofna bæri fjármálanefnd, skipaða fulltrúum vinnuveitenda og verkamanna, er fjallaði um fjárhagsáætlunina áður en hún færi til fjármálanefndar ríkisstjórnafulltrúanna. Tillögumaðurinn færði þau rök fyrir máli sínu, að framlög aðildarríkjanna til stofnunarinnar væru greidd af almannafé, sem skattgreiðendur hefðu innt af hendi og því bæri að tryggja sem best eftirlit með hagnýtingu þess fjár. Mikil áherzla var lögð á það, að greiðslur framlaga aðildarríkjanna væru inntar af hendi til fulls, en á því hefur verið nokkur mis-

brestur undanfarin ár. Í því sambandi lagði Sir John Forbes Watson áherzlu á það, að geta yrði þess vel, að leggja ekki þær fjárhagslegar byrðar á herðar aðildarríkjunum, sem þau ekki gætu borið. Hann vék og að skattfrelsi starfsfólks stofnunarinnar og taldi að það bæri að afnema og gera því skylt að greiða skatta í samræmi við lög þess ríkis, sem það dveldi í.

Þá samþykkti þingið reikninga stofnunarinnar fyrir árið 1947 og gerði nokkrar breytingar á reglunum um eftirlaunagreiðslur.

Að undangenginni atkvæðagreiðsla var Búlgaríu veittur atkvæðisréttur á þinginu, þrátt fyrir það, að hún skuldaði árgjald sitt fyrir tvö undanfarin ár. Einnig var gerð ályktun varðandi fyrirkomulag greiðslu á eftirstöðvum á skuldum Búlgaríu, Ungverjalands og Líberíu.

3. Skýrslur um framkvæmdir á samþykktum.

Nefnd sú, sem um þessi mál fjallar, hefur mikið efni til að vinna úr. Fyrst og fremst eru það skýrslur þær, sem aðildarríkin gefa samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar og greinargerð um þær frá sérstakri sérfræðinganefnd. Þá eru skýrslur þær, sem aðildarríkin hafa sent eftir þann frest, sem þeim er til þess gefinn, svo og viðbólarupplýsingar, sem horizt hafa vegna fyrirsparna frá sérfræðinganefndinni. Að síðustu eru svo statistiskar skýrslur frá skrifstofunni.

Eftir gildistöku stjórnarskrárbreytinganna frá 1946 hvílir miklu ríkari skylda á aðildarríkjunum en áður var, þar sem þau eiga nú ekki einungis að gefa skýrslur um framkvæmdir á samþykktum, sem þau hafa fullgilt, heldur skulu þau einnig gera grein fyrir því, hvað hamli fullgildingu þeirra á öðrum samþykktum. Þetta hefur í för með sér aukna vinnu fyrir nefndina og þar sem hún hefði aðeins þingtímann til umræða til starfa sinna yrði hún að geta reitt sig á þær upplýsingar, sem fyrir henni lögju. Það var því talið að nauðsynlegt mundi verða að auka sérfræðinganefndina og láta hana koma oftár saman. Í þessu sambandi kom fram tillaga þess efnis að skýrslurnar yrðu sendar fyrr á árinu, svo að svörin bærust sérfræðingunum fyrr í hendur.

Það kom fram í greinargerð nefndarinnar, að yfirleitt hafa aðildarríkin sent skrifstofunni skýrslur eins og þeim bar, en þó voru nokkrar undantekningar frá því og var það víll mjög og aðildarríkin hvött alvarlega til þess að rækja skyldur sínar í þessu efni.

Einnig kom fram mikil gagnrýni á þau ríki, sem fullgilt hefðu samþykktir, en ekki hirt um að breyta löggjöf sinni í samræmi við þær, eða höfðu alls enga löggjöf um þau mál, sem þær fjalla um. Var talið að í slíkum tilfellum hefði verið æskilegra að engin fullgilding hefði átt sér stað.

4. Skipulag vinnumiðlunar og leiðbeiningar um stöðuval. (4. og 5. dagskrármál).

Skipulag vinnumiðlunar var fyrst til umræðu á Genfarþinginu 1947 og fór nú fram síðari umræða um það. Fyrir þinginu lágu frumvörp að samþykkt og álitgerð um málið, sem gerð höfðu verið í samræmi við niðurstöður umræðnanna á Genfarþinginu.

Frumvörp þessi voru bæði samþykkt með lítills háttar breytingum, samþykktin með 129 atkvæðum gegn engu, en álitgerðin með 102 gegn 24 atkvæðum.

Þeir, sem atkvæði greiddu gegn álitgerðinni, voru einkum fulltrúar vinnuveitenda og var það sökum eins sérstaks atriðis, þ. e. orðalags ákvæðisins um hlutleysi vinnumiðlunarstofnananna. Í álitgerðinni er ekki almennt ákvæði um hlutleysi vinnumiðlunarstofnananna, en það er fyrirskipað í sambandi við vinnu í fyrirtækjum, þar sem vinnudeila stendur yfir og einnig mega þær ekki vísa mönnum á vinnu þar sem laun eða vinnuskilyrði eru lakari en venja er til, eða lög ákveða. Þá má vinnumiðlunarstofnun ekki mismuna fólki vegna kynþáttar, litarháttar, kyns eða trúarbragða. Þessi ákvæði voru sett í álitgerðina eftir miklar og harðar umræður. Brezki ríkisstjórnarfulltrúinn var mjög fylgjandi öðru orðalagi á ákvæðinu

um ráðningu verkamanna í vinnu, þar sem laun eða vinnuskilyrði eru lakari en almennt gerist. Hann kvað vinnumiðlunarstofnanirnar settar í vanda með því að skylda þær til að meta hverju sinni, er þær ráða mann í vinnu, hvort fyrirtæki greiddi of lág laun og mundi það skerða hlutleysi þeirra. Hann lagði því til að reglunni yrði breytt þannig, að þær skyldu í þessu tilliti einnig gæta fyllsta hlutleysis. Tillaga þessi mætti mótspyrnu frá verkamannafulltrúunum, en var studd af fulltrúum atvinnurekenda og nokkrum stjórnarfulltrúum. Við atkvæðagreiðslu var hún felld.

Fyrir þinginu lágu tillögur til breytinga á Samþykkt nr. 34 um vinnumiðlunarstofnanir, sem taka gjald fyrir störf sín. Þessar fyrirhuguðu breytingar snerlu ekki neinar grundvallarreglur samþykktarinnar, en miðuðu að því, að auðvelda framkvæmdir á ákvæðum hennar. Miklar og harðar umræður urðu um þessa samþykkt, einkum út af því atriði, hvort afnema bæri slíkar vinnumiðlunarstofnanir eða selja þær undir opinbert eftirlit. Fulltrúar vinnuveitenda voru fylgjandi því, að leyfa þeim að starfa áfram, en verkamannafulltrúarnir voru því andvígir.

Engar breytingar á samþykktinni náðu fram að ganga, en samþykkt var tillaga þess efnis, að mál þetta skyldi tekið upp að nýju á næsta þingi, að undan-genginni nákvæmri athugun á því, og skyldi skrifstofan ráðfæra sig um það við ríkisstjórnir aðildarríkjanna.

Um leiðbeiningar um stöðuval fór fram fyrri umræða á þessu þingi. Fyrir lá frumvarp að álitserð um málið og var það samþykkt með smávægilegum breytingum og ákveðið að taka málið upp til fullnaðarafgreiðslu á næsta árs þingi. Við umræðurnar um leiðbeiningar um stöðuval kom það greinilega fram, hversu menn töldu þetta mál hafa aukna þýðingu í þjóðfélagi nútímans.

5. Vinnulaun. (6. dagskrármál).

Um þetta mál fóru einungis fram almennar umræður og var ekki ætlunin að um það yrðu gerðar samþykklir eða álitserðir að þessu sinni.

Skrifstofan hafði samið almenna greinargerð um vinnulaun, svo og sérstakar greinargerðir um launaákvæði í samningum þess opinbera og launavernd.

Greinargerðir þessar voru lagðar til grundvallar fyrir umræðum um málið í nefnd þeirri, er um það fjallaði. Við umræðurnar um almennu greinargerðina bar mest á þeirri kröfu, að sömu laun skuli greidd fyrir sömu vinnu og samþykkt var tillaga, sem leggur áherzlu á það, að innan aðildarríkjanna verði gerðar ráðstafanir til þess að koma þessari reglu í framkvæmd. Felst í ályktun þessari áskorun til skrifstofunnar um að gefa þessu máli sem mestan gaum og selja það á dagskrá þingsins við fyrstu hentugleika.

Þá var rætt um launatryggingar og var einnig samþykkt ályktun varðandi það mál. Felur hún í sér meðmæli með því að reglan um launatryggingu skuli í vaxandi mæli látin ná til þeirra launþega, sem líklegir eru til að verða fyrir atvinnuleysi um stundarsakir. Enn fremur er hún hvöt til stjórnarinnar um að láta hinar ýmsu iðnaðarnefndir stofnunarinnar taka mál þetta til athugunar og athuga möguleikana á því, hversu koma megri í veg fyrir stundaratvinnuleysi og óstöðugleika í atvinnurekstri. Þá eru og í ályktuninni tilmæli um að þetta mál verði tekið á dagskrá þingsins fljótlega.

Nefnd sú, sem hafði þessi mál til meðferðar, gat ekki lokið þessum almennu umræðum um þau og var því samþykkt að þeim skyldi haldið áfram á þingi því, sem væntanlega yrði haldið næsta ár í Genf.

Skal nú vikið lauslega að hinum sérstöku greinargerðum, sem áður voru nefndar.

Að því er tekur til launaákvæða í opinberum samningum þá var saminn spurningalisti, sem senda átti ríkisstjórnnum og með hliðsjón af svörum þeirra skyldi semja frumvarp að samþykkt og leggja það fyrir þingið 1949. Aðaltilgangur samþykktar þessarar skyldi vera að tryggja verkamönnum þeim, sem hún tekur til,

jafngóð kjör og þeim, sem ráðnir eru til samsvarandi vinnu, sem framkvæmd er í samræmi við samninga milli félagssamtaka vinnuveitenda og verkamanna.

Á grundvelli svara ríkisstjórna við spurningum varðandi launavernd komust menn að samkomulagi um ýmis atriði, sem leggja skal til grundvallar við samningu frumvarps að samþykkt og álitserð. Samþykktinni var ætlað að kveða á um almennar reglur um vernd vinnulauna, þ. á m. um greiðslumátann, launafrádrátt, forgangskröfur, fyrir hve langan tíma laun skuli greidd í einu o. fl. Aftur á móti var álitserðinni ætlað að vera samþykktinni til uppfyllingar og nánari skýringar á grundvallarreglum hennar.

6. Félagafrelsi og verndun þess. (7. og 8. dagskrármál).

Frumvarpið að samþykkt um félagafrelsi var fyrst til umræðu á þinginu í Genf 1947, eins og frá er skýrt í skýrslu félagsmálaráðuneytisins um það þing. Á þessu þingi var svo mál þetta tekið upp að nýju og að loknum ýtarlegum umræðum um smærri og stærri atriði frumvarpsins var það samþykkt með 127 atkvæðum gegn engu.

Í samþykktinni var kveðið á um það, að vinnuveitendur og verkamenn skuli eiga óskertan rétt á því, að stofna eða ganga í félög að eigin geðþótta, án þess að þurfa að sækja um leyfi til þess. Slíkun félögum skal heimilt að setja sér sjálf lög og reglur, kjósa sér fyrirsvarsmenn og ákveða stefnuskrá sína án afskipta hins opinbera. Ekki má leysa slík félög upp að boði framkvæmdarvalds. Heimilt er félögum þessum að stofna með sér sambönd og gerast aðilar að alþjóðasamtökum.

Miklar umræður urðu um afstöðu félaganna til laga og réttar. Það var sameiginlegt álit að sú mikla réttarvernd, sem þeim væri veitt, mælti ekki leiða til þess að þau yrðu nokkurs konar ríki í ríkinu.

Félagafrelsið skal án undantekninga ná til allra vinnuveitenda og verkamanna. Pólverjar komu fram með þá tillögu, að samþykktin skyldi ekki ná til vinnuveitenda, en hún átti aðeins 6 fylgjendur meðal þingfulltrúa. Sömu afdrif hlaut til laga frá Portúgölum, um að einungis skyldu leyfð ein aðalsamtök fyrir hvora, vinnuveitendur og verkamenn, í hverju landi.

Þar sem samþykkt þessi tekur til allra verkamanna, þá er þar með einnig átt við starfsmenn hins opinbera, en ákveða skal með lögum eða reglugerðum að hve miklu leyti reglur hennar skuli taka til lögreglumanna og hermanna.

Ákvæði samþykktarinnar hafa enga sérstaka þýðingu fyrir Ísland, þar sem félagafrelsi er hér löngu viðurkennt og tryggt með stjórnarskránni, og einnig með lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, að því er tekur til verkalýðsfélaga. Eins og ástandið nú er víða um heim, hæði í einræðisríkjum og einnig ýmsum lýðræðisríkjum, þá verður því ekki mótmælt, að þessi samþykkt er mjög þýðingarmikil fyrir alþjóðlega þróun í félagsmálum. Því hefur jafnvel verið haldið fram, að hún tákni þáttaskipti í alþjóðasamvinnu, þar sem þetta er í fyrsta skipti í sögunni að kveðið er á um svo mikilsvert mannréttindamál í milliríkjasamningi.

Eins og áður getur, fjallaði 8. dagskrárliður um framkvæmdir á grundvallarreglunum um félagafrelsi og réttinn til að semja sameiginlega, heildarsamninga, sættir og gerðir í vinnudeilum og samvinnu milli þess opinbera annars vegar og félaga vinnuveitenda og verkamanna hins vegar. Að þessu sinni fóru aðeins fram undirbúningsumræður um þennan dagskrárlið og byggðust þær á greinargerð, er skrifstofan hafði samið að höfðu samráði við ríkisstjórnir. Þingið komst ekki yfir að ræða öll atriði þessa dagskrárliðs, en þau sem rædd voru skyldu afgreidd að fullu á næsta þingi, en hin koma þá til fyrri umræðu.

7. Breytingar á samþykktum um næturvinnu. (9., 10. og 11. dagskrármál).

Á fyrsta þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar árið 1919 voru gerðar tvær samþykktir um takmarkanir á næturvinnu. Gilti önnur fyrir konur en hin fyrir

unglinga. Á þinginu 1934 var gerð ný samþykkt um næturvinnu kvenna og skyldi hún koma í stað hinnar eldri.

Á þessu þingi fór svo fram endurskoðun á þessum samþykktum í ljósi reynsla þeirrar, sem fengizt hefur af þeim á undanförunum árum. Nokkrar breytingar voru á þeim gerðar og skal hinna helztu þeirra getið hér.

Hvað snerlir samþykktina um næturvinnu kvenna þá voru það einkum tvær breytingar, sem gerðar voru á henni. Í fyrsta lagi hafði reynsla stríðsáranna sýnt það, að gera yrði ákvæðið um hinn fyrirskipaða næturhvíldartíma teygjanlegra, svo að það kæmi ekki í veg fyrir vaktavinnu. Breyting í þá áll hafði verið gerð með samþykktinni frá 1934, en engu að síður var frekari breyting á þessu nauðsynleg nú. Í hinu nýja ákvæði er stjórnvöldum gefin viðtækari heimild til að ákveða á hvaða tíma næturhvíldin skuli veitt án þess að skert séu réttindi verkafólksins til næturhvíldar. Í öðru lagi var rætt um, hversu viðtækt hugtakið „iðnfyrirtæki“ skyldi vera í merkingu samþykktarinnar. Komið hafði til mála að láta samþykktina taka til flutningafyrirtækja, þ. e. fyrirtækja, sem annast flutninga á mönnum eða munum á landi, sjó eða í lofti. Um þetta síðara atriði var gerð ályktun þess efnis, að stjórnin skyldi rannsaka málið nánar, þar sem ekki væri upplýst, hversu mikil brögð væru að vinnu kvenna við þessi störf, og einnig vegna þess að litið var svo á, að rétt væri að láta sérstaka nefnd, er fjallar um þessi mál, taka það til athugunar.

Umræðurnar um breytingar á samþykktinni um næturvinnu unglunga snérist einkum um sömu atriði og að framan er getið í sambandi við umræðurnar um samþykktina um næturvinnu kvenna og hlutu þau sams konar afgreiðslu. Báðar þessar breyttu samþykktir birtast hér með sem fylgiskjal.

Í sambandi við þessar breytingar á næturvinnusamþykktunum gerði þingið ályktun þess efnis, að breyta skyldi fylgiskjali samþykktar nr. 83 frá 1947, um vinnuskilyrði í ósjálfstæðum löndum, á þann veg, að inn í það skuli fella hinn breytta texta samþykktar þessara í stað eldri textanna, sem felldir voru inn í það, er hún var gerð á þinginu 1947. Ekki þykir þörf að prenta hér með þessar breytingar og vísast um þær til fyrrgreindra samþykktar.

8. Önnur mál. (12. dagskrármál o. fl.).

Á þinginu í Genf 1947 hafði komið til tals, að gera samþykkt um réttindi Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar, en þá var því frestað vegna þess, að Sameinuðu þjóðirnar höfðu í hyggju að gefa út eina sameiginlega samþykkt um réttindi allra sérstofnana, sem eru í sambandi við þær. 21. nóv. 1947 gerðu Sameinuðu þjóðirnar þess konar samþykkt. Samþykkt þessi er fyrst og fremst almenns eðlis og inniheldur ákvæði, sem átt geta við allar sérstofnanir og þær geta ekki breytt þeim. Að öðru leyti hefur hún að geyma ákvæði, sem hver sérstofnun getur breytt að vild sinni. Hin almennu ákvæði Samþykktarinnar voru samþykkt á þessu þingi óbreytt, en á hinum hlutanum voru gerðar smávægilegar breytingar.

VI. Stjórnarkosning.

Að síðustu skal hér getið eins máls, sem ekki var á dagskrá, en það var stjórnarkosning.

Stjórn Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar er kosin til þriggja ára í senn. Hún er skipuð 32 mönnum, þar af eru 16 fulltrúar ríkisstjórna og átta frá hvorum, vinnuveitendum og verkamönnum. Fulltrúar vinnuveitenda og verkamanna á þinginu kjósa hvorir fyrir sig sína fulltrúa í stjórn og eru þeir kosnir persónulega. Ákveðið er að tveir fulltrúar hvors þessara flokka skuli vera frá ríkjum utan Evrópu, að öðru leyti eru þeir frjálsir í vali sínu. Val fulltrúa ríkisstjórna í stjórnina er með öðrum hætti. Þeir eru ekki kosnir persónulega af ríkisstjórnafulltrúunum á þinginu, heldur eru það ríkisstjórnirnar sjálfar, sem öðlast heimild til að nefna menn í stjórn.

Þessu er þann veg háttað, að fyrst og fremst eiga 8 mestu iðnaðarlöndin rétt á að tilnefna einn fulltrúa hvert. Getur það breytt nokkuð hvaða lönd verða talin mestu iðnaðarlönd í þessu sambandi. Nú sem stendur eru þau þessi: Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Indland, Kína, Kanada og Brasilía, sem tóku nú sæti Hollands, og að síðustu Belgía, sem fyrst um sinn skal teljast í þessum flokki.

Hinir átta fulltrúar, sem þá er eftir að nefna, eru tilnefndir af ríkisstjórnunum, sem til þess eru kjörnar með leynilegri kosningu af fulltrúum ríkisstjórna á þinginu, annarra en þeirra, sem þegar hafa fengið fulltrúa í stjórn samkvæmt framansögðu. Gæta verður þess jafnan, að a. m. k. sex þeirra ríkja, sem tilnefna skulu fulltrúa í stjórn, séu utan Evrópu. Þau ríki, sem að þessu sinni voru kjörin í þessu skyni, voru: Argentína, Ástralía, Cuba, Danmörk, Ítalía, Perú, Pólland og Tyrkland.

Um nokkuð langt skeið hefur því verið þannig háttað, að Norðurlöndin ættu einn fulltrúa í stjórninni til skiptis og er mikill áhugi ríkjandi fyrir því, að ekki verði breyting á því, enda um góða samvinnu að ræða meðal þeirra um það mál, sem og fleiri af þeim málum, sem fram koma á þingum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Það varð því að samkomulagi milli fulltrúa Norðurlandanna, að stuðla að kosningu Danmerkur í þetta sinn, en jafnframt var gengið frá því, að þeir tilnefndu Íslending sem varafulltrúa sinn í stjórnina.

Fylgiskjöl.

I. Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, saman komið til 31. þingsetu sinnar í San Francisco 17. júní 1948 samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, hefur ákveðið að gera í samþykktarformi ákveðnar til­lögur um félagafrelsi og verndun þess, en það er sjöunda mál á dagskrá þingsins, og með skírskotun til þess:

- að í formála stjórnarskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar er því lýst yfir, að „viðurkenning á grundvallarreglum um félagafrelsi“ stuðli að bættum lífs­skilyrðum verkafólksins og friði;
- að Philadelphiufirlýsingin endurstaðfestir það, að „tjáningarfrelsi og féлага­frelsi eru frumskilyrði fyrir áframhaldandi framförum“;
- að Alþjóðavinnuálastofningið samþykkti einróma á 30. þingi sínu grundvallarreglur þær, sem vera skyldu undirstaða að alþjóðareglum; — og —
- að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur á öðru þingi sínu fallizt á þessar grundvallarreglur og óskað eftir því, að Alþjóðavinnuálastofnunin héldi áfram hvers konar viðleitni í þá átt, að hægt verði að gera eina eða fleiri alþjóða­samþykktir;

gerir það í dag, níunda júlí árið nítján hundruð fjörutíu og átta, eftirfarandi sam­þykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1948 um félagafrelsi og verndun þess:

I. KAFLI

Félagafrelsi.

1. gr.

Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst að framfylgja eftirfarandi ákvæðum.

2. gr.

Verkamenn og vinnuveitendur skulu án undantekningar hafa rétt til þess að stofna og ganga í félög að eigin geðþótta án undangengins leyfis, og séu þeir aðeins háðir reglum hlutaðeigandi félags um inngöngu í það.

3. gr.

1. Félög verkamanna og vinnuveitenda skulu eiga rétt á að setja sér lög og reglur, að vera algerlega óháð i vali sínu á fyrirsvarsmönnum sínum, að skipuleggja stjórn sína og starfsemi og setja sér stefnuskrá.
2. Opinber stjórnvöld skulu forðast alla ihlutun, er skerða mundi þennan rétt eða hindra löglega beitingu hans.

4. gr.

Handhafar framkvæmdarvalds skulu ekki geta leyst upp félög vinnuveitenda eða verkamanna fyrir fullt og allt eða um stundarsakir.

5. gr.

Félög verkamanna og vinnuveitenda skulu eiga rétt á að stofna og ganga i félagasambönd, og hverju slíku félagi eða sambandi skal heimilt að ganga i alþjóðasamtök verkamanna og vinnuveitenda.

6. gr.

Ákvæði 2., 3. og 4. greinar þessarar samþykktar taka til félagasambanda verkamanna- og vinnuveitendafélaga.

7. gr.

Réttur verkamanna- og vinnuveitendafélaga og sambanda þeirra til að teljast persónur að lögum má ekki vera háður skilyrðum þess eðlis, að þau takmarki framkvæmdir á ákvæðum 2., 3. og 4. greinar þessarar samþykktar.

8. gr.

1. Við beitingu réttinda þeirra, sem kveðið er á um i þessari samþykkt, skulu verkamenn og vinnuveitendur og félagssamtök þeirra, svo og hverjar persónur aðrar eða félagssamtök, virða landslög.
2. Landslögum má ekki vera þann veg háttað, að þau skerði ákvæði samþykktar þessarar, né heldur má framkvæma þau á þann hátt.

9. gr.

1. Ákveða má með lögum eða reglugerðum hvers lands, að hve miklu leyti ákvæði samþykktar þessarar skuli ná til hermanna og lögreglumanna.
2. Í samræmi við grundvallarreglu 8. mgr. 19. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar skal fullgilding aðildarríkis á samþykkt þessari ekki talin hafa áhrif á nokkur gildandi lög, úrskurði, venju eða samkomulag, sem veita hermönnum eða lögreglumönnum einhver þau réttindi, sem tryggð eru með þessari samþykkt.

10. gr.

I samþykkt þessari þýðir orðið „félag“ hvert það félag verkamanna eða vinnuveitenda, sem vinnur að því að bæta og vernda hag verkamanna eða vinnuveitenda.

II. KAFLI

Verndun félagafrelsis.

11. gr.

Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar, sem samþykkt þessi tekur til, undirgengst að gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því, að verkamenn og vinnuveitendur geti óháðir neytt félagafrelsisins.

III. KAFLI Ýmis ákvæði.

12. gr.

1. Varðandi landsvæði þau, sem um getur í 35. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnu-
málastofnunarinnar, eins og hún er eftir stjórnarskrárbreytinguna frá 1946, að
undanteknum þeim landsvæðum, sem talin eru í 4. og 5. mgr. nefndrar greinar
þannig breyttrar, skal hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, láta
fullgildingarskjali sínu fylgja eða senda aðalforstjóra Alþjóðavinnu-
málastofnunarinnar, svo fljótt sem unnt er eftir fullgildingu, yfirlýsingu, er greini:
 - a. landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar ná
til án takmarkana,
 - b. landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði þessarar samþykktar
ná til með takinörkunum og hverjar þær séu,
 - c. landsvæði þau, sem samþykktin tekur ekki til, ásamt upplýsingum um á-
stæður til þess,
 - d. landsvæði þau, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar.
2. Yfirlýsingar þær, sem greindar eru í stafliðum a. og b. í fyrstu málsgrein þess-
rar greinar, skulu teljast raunverulegur hluti fullgildingarinnar og hafa sama
gildi og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að nokkru eða öllu leyti með
síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýsingu
sinni í samræmi við stafliðina b., c. eða d. í fyrstu málsgrein þessarar
greinar.
4. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 16.
greinar, getur hvert aðildarríki sent aðalforstjóranum yfirlýsingu um hvers
konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi
það því ástandi, sem þá ríkir á þeim landsvæðum, sem það kann að tillata.

13. gr.

1. Þegar mál þau, sem samþykkt þessi fjallar um, heyra undir valdsvið heima-
stjórnar ófullvalda lands, getur aðildarríki það, sem ábyrgð ber á utanríkis-
málum þess lands, með samþykki heimastjórnarinnar, sent aðalforstjóra Al-
þjóðavinnu-
málastofnunarinnar yfirlýsingu um það, að skuldbindingar þessarar
samþykktar skuli gilda fyrir það land.
2. Yfirlýsingar um gildistöku skuldbindinga samþykktar þessarar geta aðalfor-
stjóra Alþjóðavinnu-
málastofnunarinnar horið frá:
 - a. tveim eða fleiri aðildarríkjunum stofnunarinnar varðandi lönd, sem eru undir
sameiginlegum yfirráðum þeirra, eða
 - b. fjölþjóðlegu stjórnvaldi, varðandi land, sem það ber stjórnarábyrgð á í
samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna eða á annan hátt.
3. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru aðalforstjóra Alþjóðavinnu-
málastofnunarinnar í samræmi við fyrri málsgreinar þessarar greinar, skal fram tekið, hvort
ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum í
landi því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsingin ber með sér, að samþykktinni
skuli beitt með takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.
4. Aðildarríki eitt eða fleiri eða fjölþjóðlegt stjórnvald, sem í hlut eiga, geta
hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að nokkru eða öllu leyti áskilin
réttindi til hvers konar takmarkana, er fyrri yfirlýsingin tiltók.
5. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 16.
greinar, geta aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnvald, sem í hlut eiga, sent aðalfor-
stjóra yfirlýsingu þess efnis, að þau dragi á einhvern annan hátt úr ákvæðum
sinna fyrri yfirlýsinga, enda lýsi þau því ástandi, sem þá ríkir um framkvæmd
samþykktarinnar.

IV. KAFLI
Lokaákvæði.

14. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda aðalforstjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar til skrásetningar.

15. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þá meðlimi Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar, sem látið hafa aðalforstjóra skrá fullgildingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja
hafa verið skráðar hjá aðalforstjóra.
3. Eftir það öðlast samþykktin gildi, að því er snertir hvern meðlim, 12 mánu-
ðum eftir að fullgilding hans hefur verið skráð.

16. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, má segja henni upp að 10 ár-
um liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda
aðalforstjóra Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn
öðlast ekki gildi fyrr en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hver sá meðlimur, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan
þess árs, er kemur næst á eftir þeim 10 ára fresti, sem um getur í fyrri máls-
grein, réttindi þau til uppsagnar, sem ráð er fyrir gert í þessari grein, skal bund-
inn af henni í önnur 10 ár, en má að þeim loknum segja henni upp, og síðan
að hverju 10 ára tímabili liðnu, svo sem gert er ráð fyrir í þessari grein.

17. gr.

1. Aðalforstjóri Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skal tilkynna öllum meðlimum
Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skrásetningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og
uppsagna, sem meðlimir stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar aðalforstjóri tilkynnir meðlimum stofnunarinnar skrásetningu hinnar ann-
arrar fullgildingar, sem honum er send, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða
dag samþykktin öðlast gildi.

18. gr.

Aðalforstjóri Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu
þjóðanna, til skrásetningar samkvæmt 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar
upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í
samræmi við ákvæði næstu greina hér á undan.

19. gr.

Í lok hvers 10 ára tímabils frá gildistöku samþykktar þessarar skal stjórnarnefnd
Alþjóðavinnu-
málaskrifstofunnar leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um fram-
kvæmd samþykktarinnar, og skal hún jafnframt athuga það, hvort æskilegt sé að
setja á dagskrá þingsins tillögur um endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

20. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt um breytingar á samþykkt þessari allri eða hluta
hennar, skal:
 - a. fullgilding meðlims á hinni nýju, endurskoðuðu samþykkt ipso jure skoðast
sem tafarlausa uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 16. greinar
hér að framan liður, frá þeim tíma er hin nýja, endurskoðaða samþykkt
hefur öðlast gildi;

- b. meðlimum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, frá því er hin nýja, endurskoðaða samþykkt öðlast gildi; enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, vera í gildi, eins og hún er nú að formi til og efni, hvað snertir þá meðlimi, sem hafa fullgill hana, en ekki hina endurskoðuðu útgáfu hennar.

21. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar skulu jafngildir.

II. Samþykkt nr. 88 um skipulagningu vinnumiðlunar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, saman komið til 31. þingsetu sinnar í San Francisco 17. júní 1948, samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur um skipulagningu vinnumiðlunar, en það er þáttur þriðja dagskrárliðs, og þar sem tillögur þessar skulu gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, níunda júlí árið nitján hundruð fjörutíu og átta, eftirfarandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1948 um vinnumiðlun:

1. gr.

1. Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem samþykkt þessi tekur til, skal halda uppi eða tryggja það, að haldið sé uppi opinberri ókeypis vinnumiðlun.
2. Aðalverkefni vinnumiðlunarinnar skal vera, að tryggja sem besta skipulagningu vinnunarkaðarins, en slík skipulagning er ómissandi þáttur í viðleitni hvernar þjóðar til að koma á og viðhalda vinnu fyrir alla ásamt þróun og hagnýtingu framleiðslumöguleikanna. Hafa skal um þetta samvinnu við aðrar hlutaðeigandi stofnanir hins opinbera eða einstaklinga, ef nauðsynlegt þykir.

2. gr.

Vinnumiðlunin skal byggð upp af kerfi af vinnumiðlunarskrifstofum, er nái um allt landið og sé undir einni miðstjórn fyrir allt ríkið.

3. gr.

1. Innan þessa kerfis skulu vera skrifstofur, er taki til einstakra héraða eða landshluta eftir því sem við á, og nægilega margar til þess að fullnægja þörfum hvers hluta landsins. Þær skulu vera vel settar fyrir vinnuveitendur og verkamenn.
2. Niðurskipun vinnumiðlunarskrifstofanna skal:
 - a. endurskoðuð:
 - I. ávallt þegar verulegar breytingar verða á dreyfingu framkvæmdastarfseminnar eða verkafólksins, og
 - II. þegar hlutaðeigandi stjórnvald telur endurskoðun æskilega vegna þeirrar reynslu, sem fengið hefur á undanförunni reynslutímabili, og
 - b. breytt hvenær sem slík rannsókn sýnir, að slíkra breytinga sé þörf.

4. gr.

1. Með milligöngu ráðgefandi nefnda skal gera viðeigandi ráðstafanir til samvinnu við fulltrúa vinnuveitenda og verkamanna um skipulagningu og rekstur vinnumiðlunarinnar og þróun á starfsreglum fyrir hana.
2. Þessar ráðstafanir skulu fela í sér stofnun einnar eða fleiri ráðgefandi nefnda, er taki til landsins alls, svo og nefnda fyrir einstök héruð eða landshluta, ef nauðsyn krefur.

3. Fulltrúar vinnuveitenda og verkamanna í nefndum þessum skulu vera jafn-margir og tilnefndir í samráði við aðalsamtök vinnuveitenda og verkamanna, þar sem þau eru til.

5. gr.

Almennar aðferðir vinnumiðlunarinnar að því er snertir vísun verkamanna á fáanlega vinnu, skulu mótaðar í samráði við fulltrúa vinnuveitenda og verkamanna fyrir milligöngu þeirra ráðgefandi nefnda, sem kveðið er á um í 4. gr.

6. gr.

Vinnumiðlunin skal þannig skipulögð, að hún tryggi raunverulega útvegum starfs-manna og ráðningar í vinnu og í þeim tilgangi skal hún:

- a. aðstoða verkamenn við að finna vinnu við þeirra hæfi og vinnuveitendur við að fá hæfa verkamenn, og sér í lagi skal hún í samræmi við reglur, er gilda fyrir allt landið:
 - I. Skrá atvinnuleitendur, athuga hæfni þeirra til starfa, reynslu þeirra og óskir, spyrja þá með tilliti til ráðningar í vinnu, meta líkamlega og faglega hæfni þeirra og aðstoða þá, ef nauðsyn krefur, við að fá leiðbeiningar um stöðuval, fagþjálfun eða endurþjálfun,
 - II. afla sér hjá vinnuveitendum nákvæmra upplýsinga um lausar stöður, sem þeir hafa tilkynnt henni og hverjar kröfur séu gerðar til verkamanna þeirra, sem þeir óska eftir,
 - III. vísa umsækjendum með viðeigandi hæfni og starfsþrek á fáanlega vinnu,
 - IV. senda upplýsingar um vinnuumsóknir og lausar stöður frá einni vinnumiðlunarskrifstofu til annarrar. Þegar sú fyrri getur ekki ráðið umsækjanda í hæfa vinnu eða fyllt lausa stöðu eða þegar aðrar ástæður réttlæta það.
- b. gera viðeigandi ráðstafanir til þess:
 - I. að greiða fyrir tilfærslumöguleikum í starfsgreinum í því skyni, að jafna mismuninn á vinnuframboði og atvinnumöguleikum í hinum ýmsu starfsgreinum,
 - II. að greiða fyrir flutningum milli staða, svo að auðveldara verði fyrir verkamenn að flytja til staða með atvinnumöguleika við þeirra hæfi,
 - III. að greiða fyrir flutningum verkamanna um stundarsakir frá einum stað til annars, til þess að vinna upp á móti staðbundnu stundarmisræmi milli vinnuframboðs og eftirspurnar,
 - IV. greiða fyrir hvers konar flutningum verkamanna frá einu landi til annars, enda séu slíkir flutningar samþykktir af hlutaðeigandi ríkisstjórnnum,
- c. safna og greina í samvinnu við önnur stjórnarvöld, vinnuveitendur og verkalyðsfélög, þar sem það á við, eins fullkomnum upplýsingum og hægt er um ástandið á vinnumarkaðnum og líklegar breytingar á honum, bæði að því er snertir landið sem heild, einstakar iðnir, starfsgreinar og landsvæði. Gera skal þessar upplýsingar á kerfisbundinn og greiðan hátt aðgengilegar fyrir opinber stjórnarvöld, hlutaðeigandi verkalyðs- og vinnuveitendafélög og allan almenning,
- d. taka þátt í stjórn atvinnuleysistrygginga, atvinnuleysishjálpar og öðrum aðgerðum til aðstoðar atvinnulausum mönnum, og
- e. aðstoða, eftir því sem þörf krefur, aðrar stofnanir hins opinbera eða einstaklinga, sem vinna að áætlunum á sviði efnahags- og félagsmála, er ætlað sé að tryggja hagkvæmt ástand í vinnumálunum.

7. gr.

Gera skal ráðstafanir til þess:

- a. að auðvelda flokkun hjá hinum ýmsu vinnumiðlunarskrifstofum eftir starfsgreinum og iðnum, svo sem í landbúnaði og hverri annarri atvinnugrein, þar sem slík flokkun gæti verið hagkvæm, og

- b. að uppfylla til hlítar þarfir sérstakra flokka umsækjenda um vinnu, svo sem manna með lamað starfsþrek.

8. gr.

Innan vébanda vinnumiðlunarstarfseminnar og starfsemi til leiðbeininga um stöðuval, skal taka upp og auka sérstakar ráðstafanir varðandi unglinga.

9. gr.

1. Starfslið vinnumiðlunarinnar skal skipað opinberum starfsmönnum og skal stöðu þeirra og starfsskilyrðum þannig háttáð, að þeir séu óháðir stjórnarskiptum og óhentugum utanaðkomandi áhrifum. Að teknu tilliti til þarfa starfseminnar skal þeim tryggð stöðug atvinna.
2. Að teknu tilliti til ráðningarskilyrða til opinberrar þjónustu, sem sett kunna að verða með landslögum eða reglugerðum, skal starfslið vinnumiðlunarinnar ráðið með hæfileika þess til framkvæmda skyldustarfa þess eina fyrir augum.
3. Hlutaðeigandi stjórnvald ákveður á hvern hátt þessir hæfileikar skuli staðreyndir.
4. Starfslið vinnumiðlunarinnar skal þjálfað nægilega til framkvæmda skyldustarfa þess.

10. gr.

Vinnumiðlunin og önnur opinber stjórnvöld, þar sem það á við, skulu í samvinnu við félög verkamanna og vinnuveitenda og aðra, sem hlut eiga að máli, gera allar mögulegar ráðstafanir til þess að vinnuveitendur og verkamenn notfæri sér á frjálsum grundvelli til hins ýtrasta þægindi þau, sem vinnumiðlunin veitir.

11. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja raunhæfa samvinnu milli vinnumiðlunar hins opinbera og einkastofnana, er annast vinnumiðlun og ekki eru starfræktar í ágóðaskyni.

12. gr.

1. Þegar í landi aðildarríkis eru stór svæði, þar sem hlutaðeigandi stjórnvald álitur ógerlegt að framfylgja ákvæðum samþykktar þessarar, vegna fólksfæðar þeirra eða þróunarstigs, má það undanskilja slík svæði framkvæmd samþykktarinnar, annað hvort í heild eða með þeim undantekningum, sem því þykja hæfilegar með tilliti til sérstakra fyrirtækja eða starfsgreina.
2. Hvert aðildarríki skal í fyrstu ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktar þessarar, sem leggja ber fram samkvæmt ákvæðum 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar geta um landsvæði þau, er það vill láta ákvæði þessarar greinar ná til og greina ástæður sínar fyrir því. Ekkert aðildarríki skal njóta ákvæða þessarar greinar eftir að það leggur fram fyrstu ársskýrslu sína, nema að því er tekur til landsvæða þeirra, er þar voru tilgreind.
3. Hvert það aðildarríki, sem notfærir sér ákvæði þessarar greinar, skal síðan í hverri ársskýrslu telja upp landsvæði þau, sem það afsalar sér rétti til að láta ákvæði þessarar greinar ná til.

13. gr.

1. Varðandi landsvæði þau, sem um getur í 35. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar, eins og hún er eftir breytinguna frá 1946, að undanteknum þeim landsvæðum, sem talin eru í 4. og 5. mgr. nefndrar greinar, þannig breyttrar, skal hvert aðildarríki stofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, senda aðalforstjóra Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar, eins fljótt og auðið er eftir fullgildinguna, yfirlýsingu, er greini:
 - a. Landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði þessarar samþykktar ná til án takmarkana,

- b. landsvæði þau, sem það undirgengst að láta ákvæði samþykktar þessarar ná til með takmörkunum og hverjar þær séu,
 - c. landsvæði, þar sem samþykktin er óframkvæmanleg og upplýsingum um ástæður til þess,
 - d. landsvæði þau, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar.
2. Yfirlýsingar þær, sem greindar eru í stafliðunum a. og b. í 1. málsgrein þessarar greinar, ber að skoða sem raunverulegan hluta fullgildingarinnar og hafa sama gildi og hún.
 3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að öllu eða nokkru leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem þeir hafa gert í upprunalegri yfirlýsingu sinni, í samræmi við stafliðina b., c. eða d. í 1. málsgr. þessarar greinar.
 4. Í hvert skipti, sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 17. gr., getur hvert aðildarríki sent aðalforstjóra yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á landsvæðum þeim, sem það kann að tiltaka.

14. gr.

1. Þegar þau mál, sem samþykkt þessi fjallar um, heyra undir valdsvið heima-stjórnar ófullvalda landsvæðis, getur aðildarríki það, sem ábyrgð ber á utan-rikismálum slíks landsvæðis, að fengnu samþykki heimastjórnarinnar, sent aðalforstjóra Alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar yfirlýsingu um, að skuldbindingar samþykktar þessarar gildi fyrir það landsvæði.
2. Yfirlýsingar um gildistöku skuldbindinga samþykktar þessarar getur aðalforstjóri Alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar mótttekið:
 - a. frá tveim eða fleiri aðildarríkjum varðandi landsvæði, sem er undir sam- eiginlegum yferráðum þeirra, eða
 - b. frá fjölbjóðlegu stjórnvaldi, varðandi landsvæði, sem það ber stjórnarábyrgð á í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna eða á annan hátt.
3. Í yfirlýsingu þeim, sem sendar eru aðalforstjóra Alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar í samræmi við fyrri málsgreinar þessarar greinar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landsvæði því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsingin ber með sér að samþykkt- inni skuli beitt með slíkum takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.
4. Aðildarríki, eitt eða fleiri, eða fjölbjóðlegt stjórnvald, sem í hlut eiga, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu ógilt að öllu eða nokkru leyti áskilin réttindi til takmarkana, er í fyrri yfirlýsingum greinir.
5. Í hvert skipti sem segja má upp samþykkt þessari í samræmi við ákvæði 17. gr., geta aðildarríki eða fjölbjóðleg stjórnvöld, sem í hlut eiga, sent aðalforstjóra yfirlýsingu þess efnis, að þau dragi á einhvern hátt úr ákvæðum sinna fyrri yfirlýsinga, enda lýsi þau því ástandi, sem þá ríkir um framkvæmd samþykktar- innar.

15.—22. gr.

(Samhljóða 14.—21. gr. samþykktar nr. 87.)

III. Álitsgerð nr. 83 um skipulag vinnumiðlunar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnu-málaskrifstofunnar saman komið til 31. þingsetu sinnar í San Francisco 17. júní 1948, samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóða- vinnu-málaskrifstofunnar, hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur um skipulag vinnu- miðlunar, sem er þáttur í 4. dagskrármáli þingsins, og þar sem það hefur enn fremur ákveðið, að tillögur þessar skuli gerðar í formi álitsgerðar til uppbótar Álitsgerð um vinnumiðlun frá 1944 og Samþykkt um vinnumiðlun frá 1948, samþykkir þingið

nú níunda dag júlímánaðar nítján hundruð fjörutíu og átta eftirfarandi álitserð, sem nefna ber Álitserð um vinnumiðlun frá 1948.

Þar sem Álitserð um vinnumiðlun frá 1944 og Samþykkt um vinnumiðlun frá 1948 kveða á um skipulagningu vinnumiðlunarinnar og æskilegt er að gera frekari tillögur til uppfyllingar ákvæðum þeirra, mælir þingið með því, að sérhvert aðildarríki framfylgi eftirfarandi ákvæðum eins fljótt og innanríkisástæður þess leyfa og gefi Alþjóðavinnuáskrifstofunni að heiðni stjórnarnefndarinnar skýrslu um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að koma þeim í framkvæmd.

I. Almenn skipulagning.

1. Hin opinbera ókeypis vinnumiðlun skal framkvæmd af einni miðstjórnarskrifstofu, svo og staðar- og héraðsskrifstofum þar sem þess gerist þörf.
2. Til þess að efla framþróun vinnumiðlunarinnar og tryggja sameiginlega og samræmda stjórn hennar í hverju landi ætli að setja ákvæði um:
 - a. að aðalskrifstofan gefi út fyrirmæli um framkvæmdamál, er gildi fyrir viðkomandi land,
 - b. setningu lágmarkskrafna fyrir landið varðandi ráðningu starfslíðs og útbúnað skrifstofanna,
 - c. nægilegar fjárveitingar frá hinu opinbera til vinnumiðlunarinnar.
 - d. skýrslur sem lægra settir stjórnendur sendi hærra settum stjórnendur með vissu millibili,
 - e. eftirlit með öllum staðar- og héraðsskrifstofum á landinu,
 - f. að embættismenn miðstjórnarskrifstofanna, staðar- og héraðsskrifstofanna, ásamt eftirlitsfólkinu, haldi með sér fundi á tilteknum fresti.
3. Vinnueftirlitið skal gera viðeigandi ráðstafanir til nauðsynlegrar samvinnu milli vinnuveitenda, fulltrúa verkamanna og nefnda, sem stofnaðar eru til þess að rannsaka sérstök atriði varðandi atvinnuvandamál á einstökum landssvæðum, í einstökum fyrirtækjum, iðngreinum eða flokkum iðngreina.
4. Gera ætti ráðstafanir þar, sem það á við, til þess að koma á innan almennra takmarka vinnumiðlunarinnar:
 - a. sérstökum ráðningarstofum, sem sérhæfðar séu til að bæta úr þörfum vinnuveitenda og verkamanna í einstökum iðnum eða starfsgreinum, svo sem hafnarvinnu, siglingum, byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, landbúnaði og skógyrkju og heimilisstörfum, enda réttlæti sérstaða eða mikilvæði iðnarrinnar eða starfsgreinarinnar, eða aðrar sérstakar ástæður að haldið sé uppi slíkum sérstökum skrifstofum,
 - b. sérstökum aðgerðum varðandi ráðningu:
 - I. unglina,
 - II. öryrkja, og
 - III. iðnfræðinga, háskólamenntaðra starfsmanna, fastlaunaðra starfsmanna og skrifstofufólks með framkvæmdavaldi.
 - c. viðeigandi aðgerðum til ráðningar kvenna eftir starfshæfni þeirra og líkamsþreki.

II. Upplýsingar um vinnumarkaðinn.

5. Vinnumiðlunin á að safna upplýsingum um vinnumarkaðinn, þar á meðal þeim, er lúta að:
 - a. eftirspurn eftir vinnuafli, eins og hún er á hverjum tíma og vænta má að hún verði (skal þar greina fjölda og greinar verkamanna, sem þörf er fyrir og skulu þeir flokkaðir eftir iðnum, starfsgreinum og héruðum),
 - b. framboði á vinnuafli, eins og það er á hverjum tíma og vænta má að það verði framvegis (skal þar greina fjölda, aldur og kyn verkafólksins, fagkunnáttu þess, störf, iðngreinar og bústaðarhéruð, svo og tölu vinnubeiðenda, hvar þeir eru og upplýsingar um þá).

6. Vinnumiðlunin skal gera stöðugar eða sérstakar rannsóknir á málum eins og:
 - a. orsökum og áhrifum atvinnuleysis, þar með talið atvinnuleysi, sem stafar af tæknilegum framförum,
 - b. ráðningum sérstakra flokka atvinnuleitenda, svo sem öryrkja og unglinga,
 - c. atriðum, er áhrif hafa á jöfnun og eðli vinnunnar,
 - d. skipulagningu vinnunnar,
 - e. leiðbeiningum um stöðuval í sambandi við ráðningar,
 - f. greiningu á stöðugri vinnu og lausavinnu, og
 - g. öðrum atriðum, er varða skipulagningu vinnumarkaðsins.
7. Þessum upplýsingum skal þar til hæft og æft starfslið safna í samvinnu við aðrar opinberar stofnanir, þar sem þess gerist þörf, svo og félög vinnuveitenda og verkamanna.
8. Eftir því sem fært og viðeigandi þykir skal til aðferða þeirra, sem notaðar eru við söfnun og greiningu upplýsinganna teljast:
 - a. beinar fyrirspurnir til aðila með sérþekkingu á viðkomandi málum, svo sem annarra opinberra aðila, félaga vinnuveitenda og verkamanna, fyrirtækja hins opinbera og einstaklinga og sameiginlegra nefnda.
 - b. samvinna við stofnanir, er annast vinnueftirlit, atvinnuleysistryggingar og aðstoð við atvinnulausa,
 - c. skýrslugerðir á tilteknum fresti um mál, sem sérstaka þýðingu hafa fyrir vinnumarkaðinn, og
 - d. athuganir á sérstökum málum, rannsóknaráætlanir og greiningar, sem vinnu- miðlunarstofnanirnar framkvæma.

III. Áætlanir um vinnuafli.

9. Til þess að greiða fyrir sem allra beztri skipulagningu vinnumarkaðsins sem ómissandi þáttar í viðleitni þjóðarinnar til að koma á og viðhalda atvinnu fyrir alla og að auka og nýta framleiðslunöguleikana, ætti að gera árlega áætlun um vinnuaflið eins fljótt og hægt er, og skal hún vera liður í almennu fjárhags- yfirliti.
10. Áætlunin um vinnuaflið skal gerð af vinnumiðlunarstofnunum í samvinnu við önnur opinber stjórnvöld, þar sem það á við.
11. Áætlun um vinnuaflið skal hafa að geyma nákvæma greinargerð um áætlað vinnuafli, hve mikið það verði og hvernig framboð og eftirspurn þess dreifist.

IV. Vísun verkamanna á vinnu.

12. Vinnumiðlunarstofnanirnar skulu:
 - a. gæta fyllsta hlutleysis, þegar um er að ræða vinnu, sem fánleg er í fyrir- tæki, þar sem vinnudæla stendur yfir og snertir slíka vinnu,
 - b. ekki vísa mönnum á vinnu þar sem laun eða vinnuskilyrði eru lakari en ákveðið er með lögum, heildarsamningum eða venju,
 - c. ekki mismuna umsækjendum um vinnu eflir kynþáttum, litarhætti, kyni eða trúarbrögðum, er þær vísa verkamönnum á vinnu.
13. Vinnumiðlunarstofnanir skulu ábyrgjast að láta vinnuumsækjendum í té allar upplýsingar, er máli skipta, um störf þau, sem slíkum umsækjendum er vísað á, þar með taldar upplýsingar um þau atriði, sem undanfarandi grein fjallar um.

V. Hreyfanleiki vinnuaflsins.

14. Til þess að auðvelda hreyfanleik vinnuaflsins, sem nauðsynlegt er til þess að koma á og viðhalda sem mestri mögulegri framleiðslu og vinnu ættu vinnumiðl- unarstofnanir að gera þær ráðstafanir, sem bent er á í 15.- 20. gr. hér á eftir.
15. Safna skal saman og gefa út sem nánastar og áreiðanlegastar upplýsingar um atvinnu- möguleika og vinnuskilyrði í öðrum starfsgreinum og landsvæðum, svo

og um lífsskilyrði á slíkum landsvæðum (þar á meðal um framboð á viðunandi húsnæði).

16. Gefa skal verkamönnum nauðsynlegar upplýsingar og ráðleggingar í því skyni, að eyða mótbárum þeirra gegn því að skipta um atvinnu eða aðsetur.
17. 1. Vinnumiðlunarstofnanir skulu ryðja fjárhagslegum hindrunum úr vegi fyrir þeim flutningum landshluta milli, sem þær telja nauðsynlega, til dæmis með fjárhagslegri aðstoð.
2. Slík aðstoð skal veitt í þeim tilfellum, sem vinnumiðlunarstofnunin samþykkir, við flutninga, sem framkvæmdir eða samþykktir eru af henni. Einkum skal þess konar aðstoð veitt þegar engar aðrar ráðstafanir eru gerðar um greiðslu aukakostnaðar af flutningunum, en að hlutaðeigandi verkamaður greiði hann sjálfur.
3. Tekið skal tillit til aðstæðna í hverju landi og hverju einstöku tilfelli, þegar ákveðið er hversu mikil þessi aðstoð skuli vera.
18. Vinnumiðlunarstofnanir skulu aðstoða stjórnvöld, sem annast atvinnuleysis-tryggingar og aðstoð við atvinnulausa, við ákvörðun og skýringu á skilyrðum fyrir því, að fáanleg vinna skuli teljast við hæfi atvinnulauss manns, enda þótt hún sé ekki í hans venjulegu atvinnugrein eða hafi í för með sér bústaðaskipti fyrir hann.
19. Vinnumiðlunarstofnanirnar skulu aðstoða hlutaðeigandi stjórnvöld við að koma á fót og bæta þjálfunar- eða endurþjálfunarnámskeið (þar með talið iðnnám, viðbótarnám og sérnám), velja fólk á slík námskeið, og ráða þá, sem þeim hafa lokið, í vinnu.

VI. Ýmis ákvæði.

20. 1. Vinnumiðlunarstofnanirnar skulu hafa samvinnu við aðrar stofnanir hins opinbera og einstaklinga, er fást við atvinnumál.
2. Í þessu skyni skal vinnumiðlunarstofnunin spurð ráða og sjónarmið hennar tekin til greina af hverri þeirri samræmandi stofnun, sem fæst við setningu og framkvæmd stefnumiða í málum eins og:
 - a. dreifingu iðnaðarins,
 - b. framkvæmdum hins opinbera og opinberum fjárframlögum til framkvæmda,
 - c. iðnfræðilegum framförum í sambandi við framleiðslu og atvinnu,
 - d. inn- og útflutningi fólks,
 - e. húsnæðismálum,
 - f. veitingu félagslegra hagsbóta, svo sem heilsugæzlu, svo og stofnun skóla, hressingarhæla og hvíldarstofnana, og
 - g. almennri þjóðfélagslegri skipulagningu og áætlunum, sem áhrif hafa á atvinnumöguleikana.
21. Í því skyni að auka hagnýtingu þeirra hlunninda, sem vinnumiðlunarstofnanir veita og gera þeim fært að inna hlutverk sitt af hendi á raunhæfan hátt, skulu þær gera þær ráðstafanir, sem nefndar eru í 22.—25. gr. hér á eftir.
22. 1. Stöðugt skal kappkostað að hvetja þá, sem vantar menn í vinnu, eða verkamenn til þess að notfæra sér fullkomlega og óþvingað upplýsingar og hlunnindi þau, sem vinnumiðlunarstofnanirnar veita.
2. Í þessu skyni skal m. a. nota kvikmyndir, útvarp og hver önnur tæki til útbreiðslu almennrar þekkingar og til að komast í samband við almenning til þess að útbreiða, einkum meðal vinnuveitenda og verkamanna og félagsamtaka þeirra, þekkingu og viðurkenningu á grundvallarstarfsemi vinnumiðlunarstofnananna við skipulagningu vinnumiðlunarinnar og hagsbótum þeim, sem verkamenn, vinnuveitendur og þjóðin öll nýtur af því að hagnýta vinnumiðlunina sem mest.

23. Verkamenn, sem sækja um atvinnuleysisstyrk eða aðstoð skulu skyldir til að láta skrá sig sem atvinnuleitendur hjá vinnumiðlunarstofnununum. Sama gildir um þá, sem ljúka fagþjálfunarnámskeiðum innan námskerfis, sem starfrækt er af því opinbera eða styrkt af því.
24. Sérstök áherzla skal lögð á það, að hvetja unglínga og alla þá, sem hefja vinnu í fyrsta sinn, eftir því sem hægt er, til að láta skrá sig til vinnu hjá vinnumiðlunarstofnuninni og mæta þar til viðtals varðandi ráðningu þeirra.
25. Atvinnurekendur, þar á meðal stjórnendur opinberra og hálf opinberra fyrirtækja, skulu hvattir til að tilkynna vinnumiðlunarstofnuninni lausar stöður.
26. Gera skal kerfisbundnar ráðstafanir til eflingar vinnumiðlunarstofnununum, þannig að vinnumiðlunarstofnanir einstaklinga útilokist í öllum atvinnugreinum öðrum en þeim, sem hlutaðeigandi stjórnvald telur þær æskilegar eða nauðsynlegar af sérstökum ástæðum.

VII. Alþjóðleg samvinna vinnumiðlunarstofnana.

27. 1. Að svo miklu leyti sem fært og hagkvæmt þykir, skal alþjóðleg samvinna vinnumiðlunarstofnana, með aðstoð Alþjóðavinnuáskrifstofunnar þegar þess er óskað, taka til:
 - a. kerfisbundinna gagnkvæmra skipta milli tveggja eða fleiri aðila, eða innan ákveðinna svæða, á upplýsingum og reynsluþekkingu varðandi stefnumál og starfsaðferðir vinnumiðlunarstofnana, og
 - b. skipulagninga ráðstefna um mál varðandi vinnumiðlun og taki þær til tveggja aðila eða fleiri, eða einstakra svæða.
2. Í því skyni að auðvelda hverja þá flutninga verkafólks, sem samþykktir eru í samræmi við 6. gr. (b. IV.) í samþykktinni, skulu vinnumiðlunarstofnanir eftir beiðni þeirra stjórnvalda innlendra, sem yfir þær eru sett, og í samvinnu við Alþjóðavinnuáskrifstofuna ef óskað er:
 - a. safna í samvinnu við aðrar stofnanir og fólög, þar sem það á við, upplýsingum um vinnu og lausar stöður, sem ekki er hægt að ráða í innanlands, í því skyni að stuðla að inn- og útflutningi verkamanna til uppfyllingar þessum umsóknum og lausu stöðum, að svo miklu leyti sem unnt er,
 - b. vinna með öðrum hlutaðeigandi stjórnvöldum, innlendum eða erlendum, að undirbúningi og framkvæmd milliríkjasamninga um inn- og útflutning fólks, er taki til tveggja aðila eða fleiri, eða sérstakra svæða.

IV. Samþykkt nr. 89 um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948).

Allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar saman komið til 31. þingselu sinnar í San Francisco 17. júní 1948, samkvæmt kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um breytingar á samþykktinni frá 1919, um næturvinnu kvenna, er gerð var á fyrsta þingi þess og Samþykktinni um næturvinnu kvenna frá 1934 (endurskoðuð), er gerð var á 18. þingi þess, en þetta er 9. mál á dagskrá þingsins og þar sem það álitur að tillögur þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, 9. júlí 1948, eftirfarandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1948 (endurskoðuð) um næturvinnu kvenna.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Með orðinu „iðnfyrirtæki“ er í samþykkt þessari einkum átt við:
 - a. fyrirtæki, sem stunda námagröft, grjótnám og aðra starfsemi við vinnslu efna úr jörðu,

- b. fyrirtæki, þar sem vörur eru framleiddar, þeim breytt, þær hreinsaðar, viðgerðar, skreyttar, fullkomnaðar, lagaðar til sölu, brotnar eða leystar upp eða þar sem efnum er breytt, þar með talin fyrirtæki, sem annast skipasmíðar eða framleiðslu, breytingu eða flutning á rafmagni eða hvers konar hreyfiafli,
 - c. fyrirtæki, sem annast byggingar og mannvirkjagerð, þar með teljast nýbyggingar, endurbætur, viðhald, breytingar og niðurrif.
2. Hlutaðeigandi stjórnvald skal ákveða mörkin milli iðnaðar annars vegar og landbúnaðar, verzlunar og annarra atvinnugreina, sem ekki teljast til iðnaðar, hins vegar.

2. gr.

Með orðinu „nótt“ er í samþykkt þessari átt við tíma, er taki yfir a. m. k. ellefu samfelldar stundir, þar með talinn tími, er ákveðinn sé af hlutaðeigandi stjórnvaldi og taki yfir minnst sjö samfelldar stundir milli klukkan tíu að kvöldi og sjö að morgni. Hlutaðeigandi stjórnvald getur ákveðið mismunandi tíma fyrir mismunandi héruð, starfsgreinar, iðngreinar eða deildir af þeim, en hafa skal það samráð við samtök vinnuveitenda og verkamanna, er hlut eiga að máli, áður en það kveður á um tímabil, er hefjist eftir klukkan ellefu að kvöldi.

3. gr.

Konur, á hvaða aldri sem er, má ekki ráða til vinnu að nóttu til í neinu iðnfyrirtæki eða grein af því, hvort sem það er starfrækt af því opinbera eða einstaklingum. Undanskilin eru þó fyrirtæki, þar sem einungis meðlimir sömu fjölskyldu vinna.

4. gr.

Ákvæði 3. greinar gilda ekki:

- a. þegar fyrir koma óviðráðanleg, utanaðkomandi atvik (force majeure), sem raskað hafa starfsemi fyrirtækisins og ómögulegt var að sjá fyrir, enda séu þau ekki þess eðlis, að þau séu líkleg til að endurtaka sig,
- b. þegar vinnan snertir hráefni eða efni, sem verið er að umbreyta og hætt er við skjótum skeimmdum á, enda sé slík næturvinna nauðsynleg til að koma í veg fyrir ákveðið tjón á slíkum efnum.

5. gr.

- 1. Þegar þjóðarhagsmunir krefjast vegna alvarlegs neyðarástands, getur ríkisstjórn, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök vinnuveitenda og verkamanna, afnumið um stundarsakir bannið við næturvinnu kvenna.
- 2. Slíkt afnám um stundarsakir skal viðkomandi ríkisstjórn tilkynna aðalforstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar í ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar.

6. gr.

Í iðnfyrirtækjum, sem háð eru áhrifum árstiðaskipta, svo og í öllum þeim tilfellum, sem sérstakar ástæður krefja, núa færa næturtímabilið niður í tíu stundir um sextíu daga skeið á ári.

7. gr.

Í löndum, þar sem dagvinna er sérstökum erfiðleikum bundin vegna loftslags, má næturtímabilið vera styttra en tiltekið er í fyrirfarandi greinum, enda komi tilsvarendi hvíld að degi til í þess stað.

8. gr.

Þessi samþykkt tekur ekki til:

- a. kvenna, sem gegna ábyrgðarstöðum, sem stjórnendur eða við iðnfræðileg störf, og
- b. kvenna, sem vinna að heilbrigðis- og velferðarmálum og vinna yfirleitt ekki líkamlega vinnu.

II. KAFLI

Sérstök ákvæði um einstök lönd.

9. gr.

Í löndum, þar sem ríkisstjórnir hafa ekki enn þá sett ákvæði um næturvinnu kvenna í iðnaði, geta þær ákveðið að orðið „nótt“ skuli um stundarsakir og í hæsta lagi um þriggja ára skeið, taka til aðeins tíu stunda tímabils, þar með talið tímabil, er ákveðið sé af hlutaðeigandi stjórnvaldi og eigi sé styttra en sjö samfelldar stundir á tímanum milli klukkan tíu að kvöldi og sjö að morgni.

10. gr.

1. Ákvæði samþykktar þessarar taka til Indlands með þeim takmörkunum, sem í þessari grein segir.
2. Nefnd ákvæði skulu taka til allra héraða, þar sem indverskt löggjafarvald er bært til að setja þau.
3. Orðið „iðnfyrirtæki“ skal taka til:
 - a. verksmíðja, eins og þær eru skilgreindar í indversku verksmíðjulögunum, og
 - b. náma, sem indversku námalögin taka til.

11. gr.

1. Ákvæði samþykktar þessarar taka til Pakistan með þeim takmörkunum, sem í þessari grein segir.
2. Nefnd ákvæði skulu taka til allra héraða, sem háð eru löggjafarvaldi Pakistan.
3. Orðið „iðnfyrirtæki“ skal taka til:
 - a. verksmíðja, eins og þær eru skilgreindar í verksmíðjulögunum, og
 - b. náma, sem námalögin taka til.

12. gr.

1. Alþjóðavinnuálagningið getur hvenær sem málið er á dagskrá þess samþykkt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða frumvarp að breytingum á einni grein eða fleirum í II. kafla samþykktar þessarar.
2. Í hverju slíku frumvarpi að breytingum skal greina það eða þau aðildarríki, sem það tekur til, og innan árs frá þingslitum, eða 18 mánaða, ef sérstaklega stendur á, skulu umrædd aðildarríki leggja frumvarpið fyrir það eða þau stjórnarvöld, sem málið heyrir undir til lagasetningar eða annarra aðgerða.
3. Ef slíkt aðildarríki fær samþykki þess eða þeirra stjórnvalda, sem málið heyrir undir, skal það senda aðalforstjóra Alþjóðavinnuálagningastofunnar formlega fullgildingu á breytingunni til skrásetningar.
4. Hvert slíkt frumvarp að breytingum gengur í gildi sem breyting á samþykkt þessari um leið og það er fullgilt af því eða þeim aðildarríkjum, sem það tekur til.

III. KAFLI

Lokaákvæði.

13.—20. gr.

(Samhljóða 14.—21. gr. samþykktar nr. 87.)

V. Samþykkt nr. 90, um næturvinnu unglunga í iðnaði (endurskoðuð 1948).

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagningastofnunarinnar saman komið til 31. þingsetu sinnar í San Francisco 17. júní 1948, eftir kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnuálagningastofunnar, hefur samþykkt ákveðnar tillögur um nokkrar breytingar á Samþykkt frá 1919, um næturvinnu unglunga í iðnaði, er gerð var á fyrstu þingsetu þess, en þetta er 10. mál á dagskrá þingsins, og þar sem það álitur að tillögur þessar

skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, 10. júlí 1948, eftirfarandi samþykkt, sem nefna ber Samþykkt frá 1948 (endurskoðuð), um næturvinnu unglunga í iðnaði.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Með orðinu „iðnfyrirtæki“ er í samþykkt þessari einkum átt við:
 - a. fyrirtæki, sem stunda námagröft, grjólnám og aðra vinnslu efna úr jörðu,
 - b. fyrirtæki, þar sem vörur eru framleiddar, þeim breytt, þær hreinsaðar, viðgerðar, skreyttar, fullkomnaðar, lagaðar til sölu, brotnar eða leystar upp, eða þar sem efnum er breytt og teljast þar með fyrirtæki, er stunda skipasmíðar eða framleiðslu, breytingu eða flutning á rafmagni eða hvers konar hreyfiafli,
 - c. fyrirtæki, sem annast byggingar eða mannvirkjagerð, þar með teljast nýbyggingar, viðgerðir, viðhald, breytingar og niðurrif,
 - d. fyrirtæki, sem annast flutninga á mönnum eða munum, hvort heldur er á vegum eða járnbrautum og telst þar með meðhöndlun vara í skipakvíum, á hafnarbökkum og bryggjum, í geymsluhúsum og flughöfnum.
2. Hlutaðeigandi stjórnvald skal ákveða mörkin milli iðnaðar annars vegar og landbúnaðar, verzlunar og annarra atvinnugreina, sem ekki teljast til iðnaðar, hins vegar.
3. Með landslögum eða reglugerðum má undanskilja ákvæðum þessarar samþykktar vinnu við fjölskyldufyrirtæki, þar sem einungis foreldrar og börn þeirra eða skjólstæðingar starfa, enda teljist vinnan hvorki skaðleg né hættuleg unglungum.

2. gr.

1. Með orðinu „nótt“ er í samþykkt þessari átt við a. m. k. tólf stundir samfelldar.
2. Þegar um er að ræða unglunga innan sextán ára aldurs, skal þetta tímabil fela í sér tímann frá klukkan tíu að kvöldi til sjö að morgni.
3. Þegar um er að ræða unglunga, sem náð hafa sextán ára aldri, en eru innan átján ára aldurs, skal tímabil þetta fela í sér tíma, er ákveðinn sé af hlutaðeigandi stjórnvaldi, skal hann vera a. m. k. sjö stundir samfelldar á tímanum frá klukkan tíu að kvöldi til sjö að morgni. Hlutaðeigandi stjórnvald getur ákveðið mismunandi tímabil fyrir mismunandi svæði, iðnir, fyrirtæki eða einstakar greinar iðna eða fyrirtækja, en áður en það ákveður að tímabilið skuli hefjast eftir klukkan 11 að kvöldi, skal það ráðgast við þau samtök vinnuveitenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli.

3. gr.

1. Unglingar innan átján ára aldurs skulu ekki látnir vinna að nóttu til í nokkru iðnfyrirtæki hins opinbera eða einstaklinga eða greinum af þeim, nema í samræmi við eftirfarandi ákvæði.
2. Þegar um er að ræða iðnnám eða starfsþjálfun í sérstökum iðnum eða starfsgreinum, þar sem vinna verður óslitið, getur hlutaðeigandi stjórnvald, að höfðu samráði við vinnuveitenda- og verkamannafélög þau, sem hlut eiga að máli, leyft næturvinnu unglunga, sem náð hafa 16 ára aldri, en eru innan 18 ára aldurs.
3. Unglingum, sem vinna næturvinnu í samræmi við ákvæði undanfarandi málsgreinar, skal veittur a. m. k. þrettán stunda samfelldur hvíldartími milli hverra tveggja vinnuvakla.
4. Þar, sem næturvinna í bakaraiðn er öllum bönnuð, getur hlutaðeigandi stjórnvald, að því er snertir unglunga þá við iðnnám eða starfsþjálfun, er náð hafa 16 ára aldri, sett tímabilið frá klukkan 9 að kvöldi til 4 að morgni í stað hins

a. m. k. sjö stunda langa samfellda tíma milli klukkan 10 að kvöldi og sjö að morgni, sem ákvæðinn hefur verið af stjórnvaldinu í samræmi við 3. málsg. 2. gr.

4. gr.

1. Í löndum, þar sem dagvinna er sérstökum erfiðleikum bundin vegna loftlags, má stytta næturtímabilið og þann tíma, sem bannað er að vinna, úr því, sem tiltekið er í fyrirfarandi greinum, enda komi samsvarandi hvíld að degi til í þess stað.
2. Ákvæði 2. og 3. gr. skulu ekki taka til næturvinnu, sem 16 til 18 ára unglingar vinna af nauðsyn vegna ófyrirsjáanlegra og óviðráðanlegra atvika, sem áhrif hafa á eðlilegan rekstur iðnfyrirtækisins og ekki eru þess eðlis, að þau endurtaki sig á tilteknum fresti.

5. gr.

Þegar þjóðarhagsmunir krefjast vegna neyðarástands, geta ríkisstjórnir afnumið um stundarsakir næturvinnubannið, að því er snertir 16 til 18 ára unglinga.

6. gr.

1. Í lögum þeim eða reglugerðum, sem gefa ákvæðum samþykktar þessarar lagagildi, skulu:
 - a. vera viðeigandi ákvæði til tryggingar því, að þau séu kunn þeim mönnum, sem hlut eiga að máli,
 - b. greindir þeir menn, sem ábyrgð bera á framkvæmd þeirra,
 - c. tiltekin hæfileg viðurlög við hvers konar brotum á þeim,
 - d. vera ákvæði um að haldið skuli uppi eftirliti, er hæft sé til þess að tryggja það, að raunverulega sé farið eftir ákvæðunum, og
 - e. vera ákvæði um það, að öllum atvinnurekendum við iðnfyrirtæki einstaklinga eða hins opinbera skuli skylt að færa skrár eða skýrslur, sem opinber aðgangur er að, um nöfn og fæðingardaga allra þeirra manna yngri en 18 ára, sem hjá þeim vinna, svo og um aðrar þær upplýsingar, er máli skipta og hlutaðeigandi stjórnarvald kann að krefjast.
2. Í ársskýrslum þeim, sem aðildarríkin gefa samkvæmt 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnuámalastofnunarinnar skulu vera nákvæmar upplýsingar um slík lög og reglugerðir og almennt yfirlit yfir þann árangur, sem náðst hefur af eftirliti framkvæmdu í samræmi við þau.

II. KAFLI

Sérstök ákvæði um einstök lönd.

7. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fyrir setningu laga þeirra eða reglugerða, sem heimila fullgildingu samþykktar þessarar, hafði sett lög eða reglugerðir um bann gegn næturvinnu unglunga í iðnaði, er ákváðu lægra aldursmark en 18 ár, getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu þess, sett lægra aldursmark en 18 ár í stað aldurmarks þess, sem ákvæðið er í 1. mgr. 3. greinar, þó aldrei lægra en 16 ár.
2. Hvert það aðildarríki, sem gefið hefur slíka yfirlýsingu, getur ógilt hana hvenær sem er með síðar gerðri yfirlýsingu.
3. Hvert það aðildarríki, sem yfirlýsing samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar gildir fyrir, skal geta þess á hverju ári í ársskýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar, að hve miklu leyti framfarir hafa orðið í þá átt að hægt sé að beita ákvæðum samþykktarinnar að fullu.

8. gr.

1. Ákvæði I. kafla þessarar samþykktar taka til Indlands með þeim takmörkunum, sem settar eru í þessari grein.

2. Nefnd ákvæði skulu taka til allra héraða, þar sem indverskt löggjafarvald er bært til að setja þau.
3. Orðið „iðnfyrirtæki“ skal taka til:
 - a. verksmiðja, eins og þær eru skilgreindar í indversku verksmiðjulögunum,
 - b. náma, sem indversku námalögin taka til,
 - c. járnbrauta og hafna.
4. 2. málsgr. 2. gr. skal taka til unglunga, sem náð hafa 13 ára aldri, en eru ekki orðnir 15 ára.
5. 3. málsgr. 2. gr. skal taka til unglunga, sem náð hafa 15 ára aldri, en eru ekki orðnir 17 ára.
6. 1. málsgr. 3. gr. og 1. málsgr. 4. gr. skal taka til unglunga innan 17 ára aldurs,
7. 2., 3. og 4. málsgr. 3. gr., 2. málsgr. 4. gr. og 5. gr. skulu taka til unglunga, sem náð hafa 15 ára aldri, en eru ekki orðnir 17 ára.
8. 1. málsgr. e. í 6. grein skal taka til unglunga innan 17 ára aldurs.

9. gr.

1. Ákvæði I. kafla samþykktar þessarar taka til Pakistan með þeim takmörkunum, sem settar eru í þessari grein.
2. Nefnd ákvæði skulu taka til allra héraða, þar sem löggjafarvald Pakistan er bært til að setja þau.
3. Orðið „iðnfyrirtæki“ skal taka til:
 - a. verksmiðja, eins og þær eru skilgreindar í verksmiðjulögunum,
 - b. náma, sem námalögin taka til,
 - c. járnbrauta og hafna.
4. 2. málsgr. 2. gr. skal taka til unglunga, sem náð hafa 13 ára aldri, en eru ekki orðnir 15 ára.
5. 3. málsgr. 2. gr. skal taka til unglunga, sem náð hafa 15 ára aldri, en eru ekki orðnir 17 ára.
6. 1. málsgr. 3. gr. og 1. málsgr. 4. gr. skulu taka til unglunga, sem ekki hafa náð 17 ára aldri.
7. 2., 3. og 4. málsgr. 3. gr., 2. málsgr. 4. gr. og 5. gr. skulu taka til unglunga, sem náð hafa 15 ára aldri, en eru ekki orðnir 17 ára.
8. 1. málsgr. e. í 6. gr. skal taka til unglunga innan 17 ára aldurs.

10. gr.

(Samhljóða 12. gr. samþykktar nr. 89.)

III. KAFLI Lokaákvæði.

11.—18. gr.

(Samhljóða 14.—21. gr. samþykktar nr. 87.)

The first part of the document discusses the importance of maintaining accurate records of all transactions. It emphasizes that every entry, no matter how small, should be recorded to ensure the integrity of the financial statements. This includes not only sales and purchases but also expenses and income. The document provides a detailed explanation of how to categorize these transactions correctly, ensuring they are recorded in the appropriate accounts. It also highlights the need for regular reconciliation of bank statements and the company's records to identify any discrepancies early on.

The second part of the document focuses on the preparation of the income statement. It outlines the steps involved in calculating net income, starting from the total sales and subtracting the cost of goods sold and operating expenses. The document provides a clear breakdown of the various components that make up the income statement, such as depreciation, amortization, and interest expense. It also discusses the importance of providing a clear and concise explanation of any significant changes or adjustments made during the period.

The final part of the document addresses the preparation of the balance sheet. It explains how the balance sheet reflects the company's financial position at a specific point in time, showing the assets, liabilities, and equity. The document provides a detailed analysis of the components of the balance sheet, including the classification of assets and liabilities, and the calculation of equity. It also discusses the importance of maintaining a consistent and accurate balance sheet to provide a clear picture of the company's financial health.

The first part of the document discusses the importance of maintaining accurate records of all transactions. It emphasizes that every entry, no matter how small, should be recorded to ensure the integrity of the financial statements. This includes not only sales and purchases but also expenses, income, and transfers between accounts.

The second part of the document provides a detailed breakdown of the accounting cycle. It outlines the ten steps involved in the process, from identifying the accounting entity to preparing financial statements. Each step is explained in detail, with examples provided to illustrate the concepts.

The third part of the document discusses the various types of accounts used in accounting. It categorizes accounts into assets, liabilities, equity, revenue, and expense accounts. It also explains the normal balances for each type of account and how they are used to calculate the net income or loss for a period.

The fourth part of the document discusses the importance of adjusting entries. It explains how these entries are used to ensure that the financial statements reflect the true financial position of the company at the end of the period. Examples are provided for each of the five types of adjusting entries: depreciation, amortization, accretion, deferral, and accrual.

The fifth part of the document discusses the preparation of financial statements. It outlines the steps involved in preparing the income statement, balance sheet, and statement of owner's equity. It also discusses the importance of providing a clear and concise explanation of the results of the financial statements.

The sixth part of the document discusses the importance of internal controls. It explains how these controls are used to prevent and detect errors and fraud. Examples are provided for each of the five types of internal controls: segregation of duties, authorization, documentation, physical controls, and independent checks.

The seventh part of the document discusses the importance of ethics in accounting. It explains how accountants are expected to act in the best interests of their clients and the public. It also discusses the various ethical dilemmas that accountants may face and how they should be resolved.

The eighth part of the document discusses the importance of communication in accounting. It explains how accountants must be able to communicate effectively with their clients and colleagues. It also discusses the various communication skills that accountants need to develop.

The ninth part of the document discusses the importance of technology in accounting. It explains how the use of computers and software has revolutionized the accounting profession. It also discusses the various types of accounting software that are available and how they are used.

The tenth part of the document discusses the importance of continuing education in accounting. It explains how accountants must stay up-to-date on the latest developments in the field. It also discusses the various ways in which accountants can continue their education.